

58. fundur

Reykjavík 5. maí 2017

1605044SA

Málalykill: 16.33

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Samflots bæjarstarfsmannafélaga**

(Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi, Félag opinberra starfsmanna á Vestfjörðum, Starfsmannafélag Dala- og Snæfellssýslu, Starfsmannafélag Fjallabyggðar, Starfsmannafélag Fjarðabyggðar, Starfsmannafélag Húsvíkur og Starfsmannafélag Vestmannaeyja)

Símafundur var haldinn í samstarfsnefnd Samflots bæjarstarfsmannafélaga og Sambands íslenskra sveitarfélaga þann 5. maí 2017.

Mætt var frá Samfloti bæjarstarfsmannafélaga, Guðbjörn Arngrímsson. Frá SNS, Inga Rún Ólafsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Þetta mál var tekið fyrir:

1. Ný grein 1.5.5 um aðalhreingerningu skólaliða

Samstarfsnefndin var sammála um að bæta við kjarasamninginn nýrri grein 1.5.5 er gildir frá 1. desember 2015 og hljóðar svo:

Yfirvinna skal greidd skólaliðum í grunnskólum þegar þeir sinna aðalhreingerningum.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.